



## Fundargerð

13. fundur lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur haldinn

13. nóvember 2020, kl. 14:00

### Viðstaddir:

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Kristín Gyða Njálisdóttir, Baldur Rafn Sigurðsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Lýðheilsustefna (2019100079)**

Lýðheilsuráð fór yfir lokadrög að lýðheilsustefnunni sem lögð verða fyrir aðrar nefndir og ráð.

### **2. Samráðshópur heilsueflandi samfélaga á Suðurnesjum (2019110318)**

Sýndur var sameiginlegur Frístundavefur. Vefurinn verður opnaður á næstunni. Lýðheilsuráð fagnar tilkomu vefsins.

Samráðshópurinn hefur sammælt um að áhersla verði lögð á geðrækt 2021.

### **3. Fjárhagsáætlun, lýðheilsumál (2020060158)**

Lýðheilsuráð óskar eftir samantekt á lýðheilsutengdum verkefnum og upplýsingum úr fjárhagsáætlunargerð er snúa að málaflokknum.

### **4. Framfaravogin (2019051066)**

Rafræn kynning verður á framfaravoginni 25. nóvember nk. Lýðheilsuráð er hvatt til að sitja kynninguna.

Lýðheilsuráð hvetur önnur ráð og nefndir til að sitja kynninguna.

Lýðheilsuráð leggur áherslu á að framfaravogin verði nýtt til að bæta samfélagið á markvissan hátt.



#### **5. Lýðheilsualmanak og upplýsingar á heimasíðu (2020110158)**

Guðrún Magnúsdóttir hefur verið í samstarfi við vefstjóra heimasíðu Reykjanesbæjar um að þar verði lýðheilsuáætlun gerð góð skil, sérstakur hnappur verði varðandi lýðheilsuáætlun, þar sem hægt væri að nálgast upplýsingar á auðveldan hátt.

#### **6. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)**

Fundargerðirnar lagðar fram.

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30